

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/461

2024/EES/25/01

frá 16. mars 2017

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sameiginlegar verklagsreglur, eyðublöð og sniðmát fyrir samráðsferli milli viðkomandi lögbærra yfirvalda vegna fyrirhugaðrar öflunar á virkum eignarhlut í lánastofnunum eins og um getur í 24. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (1), einkum 9. mgr. 22. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Rétt þykir að setja fram sameiginlegar verklagsreglur, eyðublöð og sniðmát til að tryggja að lögbær yfirvöld leggi rétt mat á tilkynningar um fyrirhugaða beina eða óbeina öflun eða aukningu á virkum eignarhluta í lánastofnunum, ef fyrirhugaður eigandi er aðili sem lýtur eftirliti í öðru aðildarríki eða öðrum geira, móðurfélag slíks eftirlitsskylds aðila eða sá einstaklingur eða lögaðili sem hefur yfirráð yfir slíkum eftirlitsskyldum aðila. Í þeim tilvikum ættu viðkomandi lögbær yfirvöld að hafa samráð sín á milli og veita hvert öðru þær upplýsingar sem óskað er eftir og sérhverjar aðrar mikilvægar upplýsingar.
- Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. tilskipunar 2013/36/ESB á samráðsferlið sem um getur í 24. gr. þeirrar tilskipunar einnig við um mat á hluthöfum og félagsaðilum að lánastofnun, að því er varðar veitingu starfsleyfis til að hefja starfsemi lánastofnunar. Sameiginlegu verklagsreglurnar, eyðublöðin og sniðmátin ættu þess vegna einnig að gera samráð á milli viðkomandi lögbærra yfirvalda mögulegt þegar matið á hluthöfum eða félagsaðilum með virkan eignarhlut er framkvæmt sem hluti af matinu á umsóknum um starfsleyfi lánastofnana.
- Til að auðvelda samstarf lögbærra yfirvalda og tryggja skilvirkni við upplýsingaskipti þeirra ættu lögbær yfirvöld að tilnefna sérlega tengiliði sérstaklega að því er varðar samráðsferlið sem um getur í 24. gr. tilskipunar 2013/36/ESB og gera slíkar upplýsingar aðgengilegar öllum á vefsetrum sínum.
- Samráðsferli með skýrum tímakröfum ætti að vera sett upp til að tryggja tímanlegt og skilvirkt samstarf lögbærra yfirvalda.
- Þessi tilhögun samráðs ætti einnig að tryggja að lögbær yfirvöld vinni saman að því að bæta samráðsferlið með því að stuðla að endurgjöf um gæði og mikilvægi upplýsinganna sem móttæknar eru, eftir því sem við á.
- Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaefirlitsstofnunin („EBA“) hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- Evrópska bankaefirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitni hagsmunahópsins um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 (2).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 72, 17.3.2017, bls. 57. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44, 2.7.2020, bls. 77.

(1) Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaefirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um sameiginlegar verklagsreglur, eyðublöð og sniðmát fyrir samráðsferlið sem um getur í 24. gr. tilskipunar 2013/36/ESB á milli eftirfarandi aðila:

- a) lögbærs yfirvalds starfandi lánastofnunar sem fyrirhugað er að afla eða auka virkan eignarhlut í, eða sem ber ábyrgð á veitingu starfsleyfis til að hefja starfsemi sem lánastofnun („yfirvaldið sem leggur fram beiðni“),
- b) viðkomandi lögbærs yfirvalds fyrirhugaðs eiganda, hluthafa eða félagsaðila, þegar slíkur fyrirhugaður eigandi, hluthafi eða félagsaðili fellur undir einn af flokkunum sem um getur í a-, b- og c-liðum 1. mgr. 24. gr. tilskipunar 2013/36/ESB („yfirvaldið sem beiðni er beint til“).

2. gr.

Tilnefndir tengiliðir

Að því er varðar samráðsferlið sem sett er fram í 24. gr. tilskipunar 2013/36/ESB skulu viðkomandi lögbær yfirvöld tilnefna, með því að gefa upp eitt heimilisfang sérstakrar deildar eða pósthólf, tengiliði fyrir sendingu samráðstilkynninga og önnur samskipti í samræmi við þessa reglugerð og skulu gera upplýsingar um þessa tengiliði aðgengilegar öllum á vefsetrum sínum.

3. gr.

Samráðstilkynning

1. Yfirvaldið sem leggur fram beiðni skal senda samráðstilkynningu til yfirvaldsins sem beiðni er beint til eins fljótt og mögulegt er eftir móttöku tilkynningar, sem um getur í 1. mgr. 22. gr. tilskipunar 2013/36/ESB og, að öllu jöfnu, eigi síðar en 10 virkum dögum eftir að matstímabilið, sem um getur í annari undirgrein 2. mgr. 22. gr. þeirrar tilskipunar, hefst.
2. Þegar matið sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 23. gr. tilskipunar 2013/36/ESB er framkvæmt sem hluti af mati á umsókn lánastofnunar um starfsleyfi til að hefja starfsemi skal yfirvaldið sem leggur fram beiðni senda samráðstilkynningu til yfirvaldsins sem beiðni er beint til eins fljótt og mögulegt er eftir móttöku slíkrar umsóknar og, að öllu jöfnu, eigi síðar en 10 virkum dögum eftir móttöku allra upplýsinganna sem um getur í 15. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.
3. Yfirvaldið sem leggur fram beiðni skal senda samráðstilkynningarnar sem um getur í 1. og 2. mgr. skriflega með pósti, símbréfi eða tryggunum rafrænum hætti og stíla þær á tilnefndan tengilið yfirvaldsins sem beiðni er beint til.
4. Yfirvaldið sem leggur fram beiðni skal senda samráðstilkynningarnar sem um getur í 1. og 2. mgr. með því að fylla út sniðmátið sem sett er fram í I. viðauka, tilgreina meginatriðin er varða fyrirhugaðan eignarhlut og upplýsingarnar sem yfirvaldið sem leggur fram beiðni óskar eftir frá yfirvaldinu sem beiðni er beint til í tengslum við hann.

4. gr.

Staðfesting á móttöku samráðstilkynningar

Yfirvaldið sem beiðni er beint til skal senda yfirvaldinu sem leggur fram beiðni staðfestingu á móttöku samráðstilkynningarinnar sem um getur í 3. gr. innan 2 virkra daga frá móttöku slíkrar tilkynningar.

5. gr.

Svar frá yfirvaldi sem beiðni er beint til

1. Svar við samráðstilkynningu skal vera skriflegt, á því formi sem sett er fram í II. viðauka og sent með pósti, símbréfi eða tryggri rafrænni aðferð. Það skal stílað á tilnefndan tengilið yfirvaldsins sem leggur fram beiðni, sem um getur í 2. gr., nema yfirvaldið sem leggur fram beiðnina taki annað sérstaklega fram.

2. Yfirvaldið sem beiðni er beint til skal eins fljót og mögulegt er og eigi síðar en 20 virkum dögum eftir móttöku samráðstilkynningarinnar veita yfirvaldinu sem leggur fram beiðni:

- a) allar viðeigandi upplýsingar sem óskað er í samráðstilkynningunni, þ.m.t. sjónarmið eða fyrirvara í tengslum við öflun fyrirhugaðs eiganda,
- b) allar mikilvægar upplýsingar, að eigin frumkvæði.

3. Ef yfirvaldið sem beiðni er beint til getur ekki virt tímamörkin sem sett eru fram í 2. mgr. skal það tafarlaust upplýsa yfirvaldið sem leggur fram beiðnina um réttlætanlegar ástæður sem gera slíka seinkun nauðsynlega og gefa upp áætlaðan svardag. Yfirvaldið sem beiðni er beint til skal veita reglulega endurgjöf um framvinduna annað hvort að eigin frumkvæði eða að beiðni yfirvaldsins sem leggur fram beiðni.

4. Ef yfirvaldið sem beiðni er beint til getur ekki, af óhjákvæmilegum ástæðum, veitt allar tilskildar upplýsingar nógu snemma til að virða tímamörkin sem sett eru fram í 2. mgr. skal það:

- a) veita þær upplýsingar sem þegar eru tiltækar innan þeirra tímamarka sem sett eru fram í 2. mgr. með því að nota formið sem sett er fram í II. viðauka,
- b) veita allar upplýsingar sem vantar um leið og þær verða tiltækar og með þeim hætti, þ.m.t. munnlega, að tryggt sé að sérhverjar nauðsynlegar aðgerðir geti hafist með skjótum hætti.

5. Ef umbeðnar upplýsingarnar eru veittar munnlega, skv. b-lið 4. mgr., skulu þær í framhaldinu staðfestar skriflega í samræmi við 1. mgr. nema lögbær yfirvöld sem í hlut eiga samþykki annað.

6. gr.

Verklagsreglur um samráð

1. Yfirvaldið sem leggur fram beiðni og yfirvaldið sem beiðni er beint til skulu nota fljótverkustu aðferðirnar af þeim sem settar eru fram í 3. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 5. gr. til að eiga samskipti í tengslum við samráðstilkynningu og svarið við henni, að teknu tillitlyðilegu tilliti til þagnarskyldu, samskiptatíma, magns upplýsinganna sem þarf að miðla og aðgengileika upplýsinganna fyrir yfirvaldið sem leggur fram beiðnina.

2. Upplýsingarnar sem yfirvaldið sem beiðni er beint til veitir skulu, að þess bestu vitund, vera tæmandi, nákvæmar og uppfærðar.

3. Við móttöku samráðstilkynningar skal yfirvaldið sem beiðni er beint til vera tímanlega í samskiptum við yfirvaldið sem leggur fram beiðni ef það þarfnast einhverra nánari skýringa í tengslum við upplýsingarnar sem beðið er um.

Yfirvaldið sem leggur fram beiðnina skal einnig bregðast skjótt við öllum óskum yfirvaldsins sem beiðninni er beint til um útskýringar.

4. Ef umbeðnu upplýsingarnar er að finna hjá öðru yfirvaldi í sama aðildarríki og því sem yfirvaldið sem beiðni er beint til er í, en sem ekki er lögbært yfirvald að því er varðar 24. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, skal yfirvaldið sem beiðni er beint til tafarlaust reyna eftir bestu getu að safna upplýsingunum og senda þær til yfirvaldsins sem leggur fram beiðni í samræmi við 5. gr.

Ef umbeðnu upplýsingarnar er að finna hjá öðru yfirvaldi í öðru aðildarríki eða hjá öðru yfirvaldi í sama aðildarríki, sem er lögbært yfirvald að því er varðar 24. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, skal yfirvaldið sem beiðni er beint til tafarlaust upplýsa yfirvaldið sem leggur fram beiðni þar um.

5. Yfirvaldið sem beiðninni er beint til og yfirvaldið sem leggur hana fram skulu vinna saman að því að leysa þau vandkvæði sem upp kunna að koma við að svara beiðni.

6. Yfirvaldið sem beiðni er beint til og yfirvaldið sem leggur fram beiðni skulu veita hvort öðru endurgjöf um niðurstöðu matsins sem samráðið snérist um og, eftir því sem við á, um gagnsemi upplýsinga eða annarrar móttekinnar aðstoðar og um hver þau vandamál sem upp komu við að veita slíka aðstoð eða upplýsingar.

7. Komi fram nýjar upplýsingar eða nánari upplýsinga gerist þörf á matstímabilinu skulu yfirvaldið sem leggur fram beiðni og yfirvaldið sem beiðninni er beint til tryggja að skipst sé á öllum mikilvægum upplýsingum sem máli skipta. Sniðmátin sem sett eru fram í I. viðauka skulu, eftir því sem við á, notuð í þeim tilgangi.

8. Lögbær yfirvöld skulu í samráðsferlinu nota opinbert tungumál aðildarríkis í Sambandinu sem almennt er notað í alþjóðlegri samvinnu eftirlitsyfirvalda og skulu birta valið á slíku tungumáli eða tungumálum á vefsetrum sínum. Þeim lögbæru yfirvöldum aðildarríkja sem hafa sameiginlegt opinbert tungumál, eða eru sammála um að nota annað opinbert tungumál aðildarríkis í Sambandinu, er heimilt að nota það tungumál.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. mars 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Sniðmát samráðstilkynningar

(Ákvæði 3. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/461)

Samráðstilkynning

Dagsetning:

FRÁ:

Aðildarríki:

Yfirvald sem leggur fram beiðni:

Heimilisfang:

(Samskiptaupplýsingar skipaðs tengiliðar)

Sími:

Tölvupóstfang:

Tilvísunarnúmer:

TIL:

Aðildarríki:

Yfirvald sem beiðni er beint til:

Heimilisfang:

(Samskiptaupplýsingar skipaðs tengiliðar)

Sími:

Tölvupóstfang:

Ágæti viðtakandi,

Í samræmi við 3. gr. framkvæmdareglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/461 ⁽¹⁾ er hér með lögð fram samráðstilkynning í tengslum við þau mál sem nánar er greint frá hér að neðan.

Bent er á að matsferlinu lýkur hinn [*bæta skal við dagsetningu*] ⁽²⁾. Við yrðum þess vegna þakklát ef þið gætuð veitt umbeðnar upplýsingar og allar aðrar mikilvægar upplýsingar, sem og sjónarmið eða fyrirvara sem þið kunnid að hafa um fyrirhugaðan eignarhlut, innan 20 virkra daga frá móttöku þessa bréfs eða, ef það er ekki mögulegt, upplýsingar um hvenær þið búist við að vera í aðstöðu til að veita umbeðna aðstoð.

Þessi samráðstilkynning, svar þitt og vinnsla er með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ⁽³⁾.

⁽¹⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/461 frá 16. mars 2017 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sameiginlegar verklagsreglur, eyðublöð og sniðmát fyrir samráðsferli milli viðkomandi lögbærra yfirvalda vegna fyrirhugaðrar öflunar á virkum eignarhlut í lánastofnunum eins og um getur í 24. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB (Stjtið. ESB L 72, 17.3.2017, bls. 57).

⁽²⁾ Í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. 22. gr. tilskipunar 2013/36/ESB eða, eftir því sem við á, 15. gr. tilskipunarinnar.

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

Upplýsingar um fyrirhugaðan eignarhlut

Deili á fyrirhuguðum eigendum, hluthöfum eða félagsaðilum:

.....
.....
.....

[Sé um að ræða einstaklinga skal tiltaka persónuupplýsingar, þ.m.t. nafn, fæðingardag og -stað, kennitölu (ef tiltæk) og heimilisfang. Sé um að ræða lögaðila skal tiltaka skráð heiti, skráð heimilisfang aðalskrifstofu, póstfang (ef annað) og landsbundið kenninúmer (ef tiltækt)]

Nafn viðkomandi eftirlitsskyldra aðila, eins eða fleiri, í aðildarríki yfirvaldsins sem beiðni er beint til og tengsl við fyrirhugaðan eiganda, hluthafa eða félagsaðila:

.....
.....
.....

[Ef fyrirhugaður eigandi, hluthafi eða félagsaðili er eftirlitsskyldur aðili, eins og um getur í a-lið 1. mgr. 24. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, nægir að gefa upp nafn fyrirhugaðs eiganda, hluthafa eða félagsaðila. Ef fyrirhugaður eigandi, hluthafi eða félagsaðili fellur undir einn af flokkunum sem skilgreindir eru skv. b- eða c-lið 1. mgr. 24. gr. tilskipunar 2013/36/ESB er einnig nauðsynlegt að útskýra tengsl fyrirhugaða eigandans, hluthafans eða félagsaðilans við viðkomandi eftirlitsskyldan aðila sem er með staðfestu í aðildarríki yfirvaldsins sem beiðni er beint til.]

Deili á markfyrirtækinu eða -stofnuninni sem sótt er um starfsleyfi fyrir:

.....
.....
.....

[Setja skal inn skráð heiti, skráð heimilisfang aðalskrifstofu, póstfang (ef annað) og landsbundið auðkennisnúmer (ef tiltækt)]

Stærð á fyrirliggjandi og fyrirhuguðum beinum eða óbeinum eignarhlut fyrirhugaðs eiganda, hluthafa eða félagsaðila í markfyrirtækinu eða -stofnuninni sem sótt er um starfsleyfi fyrir:

.....
.....
.....

[Setja skal inn upplýsingar um hlutfé markfyrirtækisins eða -stofnunarinnar sem sótt er um starfsleyfi fyrir, sem er í eigu eða búist er við að verði í eigu fyrirhugaðs eiganda, hluthafa eða félagsaðila (ef við á, fyrir og eftir fyrirhugaða öflun), þ.m.t. i) fjölda og gerð hlutabréfa félagsins, hvort heldur almennra hlutabréfa eða annarra, sem eru í eigu eða fyrirhugað er að verði aflað af fyrirhuguðum eiganda, hluthafa eða félagsaðila (ef við á, fyrir og eftir fyrirhugaða öflun), ásamt nafnvirði slíkra hlutabréfa, ii) hlutdeild í heildarhlutfé félagsins sem hlutabréfin standa fyrir, sem eru í eigu eða fyrirhugað er að verði aflað af fyrirhuguðum eiganda, hluthafa eða félagsaðila (ef við á, fyrir og eftir fyrirhugaða öflun) og iii) vægi atkvæðisréttar alls í félaginu sem hlutabréfin standa fyrir, sem eru í eigu eða búist er við að verði í eigu fyrirhugaðs eiganda, hluthafa eða félagsaðila (ef við á, fyrir og eftir fyrirhugaða öflun), ef önnur en hlutdeildin í hlutfé félagsins. Fyrir óbeina öflun skulu slíkar upplýsingar veittar að breyttu breytanda.]

Upplýsingar um öll önnur yfirvöld sem koma að málinu:

.....

.....

.....

[Hvort yfirvaldið sem leggur fram beiðni hafi verið eða verði í sambandi við eitthvert annað yfirvald í aðildarríki yfirvaldsins sem beiðni er beint til í tengslum við viðfangsefni beiðninnar eða eitthvert annað yfirvald sem yfirvaldinu sem leggur fram beiðni er kunnugt um að eigi virkra hagsmuna að gæta varðandi viðfangsefni beiðninnar]

[Viðbótarupplýsingar sem yfirvaldið sem leggur fram beiðni veitir (ef einhverjar):

.....

.....

.....

.....]

Tegund umbeðinnar aðstoðar

Beiðni um sértækar upplýsingar:

.....

.....

.....

.....

[Setja skal inn nákvæma lýsingu á sértæku upplýsingunum sem sóst er eftir, þ.m.t. öllum viðkomandi skjölum sem beðið er um. Slíkar upplýsingar skulu fela í sér:

- *ef tiltæk, niðurstöðu úr nýjasta mati á hæfi (með tilliti til hæfi og hæfni) fyrirhugaðs eiganda, hluthafa eða félagsaðila eða viðkomandi fulltrúa eftirlitsskylda aðilans,*
- *ef tiltæk, niðurstöðu úr nýjasta mati á fjárhagslegu heilbrigði fyrirhugaðs eiganda, hluthafa eða félagsaðila eða viðkomandi eftirlitsskylds aðila, með tilheyrandi opinberum eða ytri endurskoðunarskýrslum,*
- *ef tiltæk, niðurstöðu úr nýjasta mati yfirvaldsins sem beiðni er beint til á gæðum stjórnunarfyrikomulags hjá fyrirhuguðum eiganda, hluthafa eða félagsaðila eða viðkomandi eftirlitsskyldum aðila, og stjórnunar- og bókhaldsaðferðum hans, innri eftirlitskerfum, stjórnarhátum fyrirtækis, samstæðuskipulags, o.s.frv.,*
- *hvort einhverjar ástæður séu til að gruna, í tengslum við fyrirhugaða öflun eða hlutdeild, að peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka eigi eða hafi átt sér stað eða verið reynd,*

og allar aðrar sértækar upplýsingar sem yfirvaldið sem leggur fram beiðni sækist eftir.]

Virðingarfyllst,

[undirskrift]

II. VIÐAUKI

Sniðmát svars frá yfirvaldi sem beiðni er beint til

(Ákvæði 5. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/461)

Svar frá yfirvaldi sem beiðni er beint til

Dagsetning:

Almennar upplýsingar

FRÁ:

Aðildarríki:

Yfirvald sem beiðni er beint til:

Heimilisfang:

(Samskiptaupplýsingar skipaðs tengiliðar)

Sími:

Tölvupóstfang:

Tilvísunarnúmer yfirvalds sem beiðni er beint til:

TIL:

Aðildarríki:

Yfirvald sem leggur fram beiðni:

Heimilisfang:

(Samskiptaupplýsingar skipaðs tengiliðar)

Sími:

Tölvupóstfang:

Tilvísunarnúmer yfirvalds sem leggur fram beiðni:

Ágæti viðtakandi,

Í samræmi við 5. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/461 ⁽¹⁾, höfum við afgreitt samráðstilkynningu þína dags. [dd.mm.áááá] með tilvísunarnúmerið sem um getur að ofan.

Þetta svar er með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ⁽²⁾.

Ef við á skal greina frá hvers konar vafaatriðum í tengslum við afmarkaðar upplýsingar sem óskað er eftir eða hverja aðra þætti þessa mats:

.....
.....
.....

(1) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/461 frá 16. mars 2017 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sameiginlegar verklagsreglur, eyðublöð og sniðmát fyrir samráðsferli milli viðkomandi lögbærra yfirvalda vegna fyrirhugaðrar öflunar á virkum eignarhlut í lánastofnunum eins og um getur í 24. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB (Stjtið. ESB L 72, 17.3.2017, bls. 57).

(2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

Setja skal fram umbeðnar upplýsingar hér eða vísa til viðkomandi viðauka sem innihalda umbeðnar upplýsingar:

.....
.....
.....

Ef yfirvaldið sem beiðni er beint til vill veita einhverjar aðrar mikilvægar upplýsingar eða aðrar upplýsingar skal veita slíkar upplýsingar hér eða útskýra hvernig þær verða veittar eða vísa til viðkomandi viðauka sem innihalda þær upplýsingar:

.....
.....
.....

[Veita skal allar mikilvægar upplýsingar, eins og um samstæðuskipulag eða nýjasta mat á fjárhagslegu heilbrigði fyrirhugaðs eiganda eða viðkomandi eftirlitsskylds aðila.]

Ef einhver sjónarmið eða fyrirvarar eru í tengslum við fyrirhugaða öflun, skal setja þá fram hér:

.....
.....
.....

Ef einhverjar umbeðnar upplýsingar voru ekki tiltækar við gerð þessa svars og bið eftir slíkum upplýsingum hefði leitt til þess að svarið hefði ekki verið lagt fram innan hins ákveðna tímaramma, skal tilgreina slíkar upplýsingar hér og taka fram hvenær búist er við að þær verði veittar:

.....
.....
.....

Virðingarfyllt,

[undirskrift]
